

10 fundur 2011 27.sept. Svanur mætti í stað Sigurðar. Aðrir aðalmenn mættu.

1. Slógdreifing á Miðhrauni 2.

Drög að starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum lögð fram. Eftirfarandi umsögn bókuð.
"Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps beinir því til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands að starfsleyfi vegna slógdreifingar taki jafnframt mið af reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissameinda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og viðaukum nr. 804/1999."

Ef tekið er mið af þessari reglugerð þá þarf að útfæra upp á nýtt ýmis ákvæði í starfsleyfisskilyrðunum. Þau atriði sem helst þarf að skoða eru:

Hvenær má fella niður slóg.

Hvernig ber að geyma og meðhöndla hráefnið, (sýring.)

Hvar á og má fella niður slóg útfrá hvar vatnsból eru staðsett.

Ber að hafa ákveðin viðmið að ekki skuli fella niður slóg ákveðna vegalengd frá bústöðum manna?

Þarf að hafa ákveðin öryggismörk frá skurðbökkum þegar áburður er felldur niður?

Hversu mikið af slógi á ha. miðað við áburðargildi hráefnisins.

(210 kg N/ha fyrstu 4 árin en eftir það 170 kg N/ha.)

Viðurlög þurfa að vera skýr ef brot á starfsleyfisskilyrðum verða.

Rekstraraðili hafi nægan aðgang að landi miðap við það magn áburðar sem fellur til. Ef eigið land dugar ekki getur rekstraraðili notað land annars til niðurfellingar á slógi með samþykki eigenda viðkomandi lands.

Tillagan borin upp og samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1.Hrefna fór fram á bókun.

"Samkvæmt athugun HEV þá fór dreifing á slógi ekki fram eins og eigendur höfðu greint frá þ.e.a.s. að allt slóg sé felld niður með þar til gerðum niðurfellingarbúnaði og var sett sem skilyrði. Því er ekkert sem bendir til þess að eigendur Miðhrauns II muni í framtíðinni fara eftir þeim skilyrðum sem verða forsendaúr starfsleyfisins og því treysti ég mér ekki til að mæla með því að þau fái umrætt starfsleyfi."

2. Frágangur að Breiðabliki.

Það verður gengið að tilboði Þórðar Runólfssonar um frágang við Breiðablik skv. tölvupósti. Frágangi skuli lokið fyrir 1. des. 2011.

3. Fjárhagsaðstoð til einstaklings. Samþykkt að fara eftir útreikningi Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga við veitingu fjárhagsaðstoðar.

4. Ýmis bréf lögð fram.

Drög að samningi um þjónustu í skipulags- og byggingamálum.

Aðalfundur SSV 30. sept. og 1. okt.

Guðbjartur Gunnarsson, aðalmaður.

Þröstur Aðalbjarnarson, varamaður.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna.

Guðbjartur Gunnarsson, fulltrúi.

Umhverfisþing á vegum Umhverfisráðuneytisins. Áhugi kannaður um þáttöku.

5. Önnur mál.